Vanti eg þess því, að hið háa Alþingi telji sér skyldt og sjái sér fært að styðja þetta mállefni, er verðar svo mjög vinnuuppeldi eskumanna þjóðarinnar, svo og viðhald og fegrun hins markasta og fegursta sögu-staðar landsins.

Virðingarfyllst,
st. í Reykjavík,

Hér með fylgjum

Sundurliðuð kostnaðar áætlun um
starfraksli vinnuskóla fyrir 50 nemendur

Háttvirta Alþíngi.

I byrjun þessa Þíngs, sendi jeg öllum alþíngismönnum, forstöðumönnum beggja banka okkar og ýmsum málsmetandi mönnum meðfylgjandi erindi, um stofnun **Pjóðbanka Islands**, og bað um umsagnir þeirra, áður en jeg væri erindi þetta opinberlega fram.

Frá öllum þeim sem jeg hef síðan fengið umsögn hjá, hefur komið fram viðurkenning um, að eitthvað þurfi að gera í þessu efni.

Sumir hafa kvartað undan tímaleisi, að málæfnið væri viðfangsmikið o.s. frv.

En ekki einnig hvorki tilvonandi vinur, nje óvinir málæfnisins; og heldur ekki vinir mínir, sem jeg held mig eiga marga, meðal ráðandi manna þessa mannfjelags, hafa ráðið til, að bætt væri við eða fellt væri úr meðfylgjandi erindi.-

Legg jeg það því hjer með, sem fylgiskjal.-

Á árunum 1897-98 var nokkuð líkt ástatt og nú fjárhagslega sjeð, þöft og kröfur til hlutfallalega ákafra framfara í öllum atvinnugréinum og á öllum sviðum þessa lands miklar. Landsbankinn og allt fjárhagsfyrirkomulag Islands þannig úr garði gert, að fullnæging krafna til hægra framfara, var óhugsandi. Því síður var hugsandi eða framkvæmandegt, að fullnægja með þem mannfjelagi, sem um langann aldur hafði orðið afturúr. Og nú þurfti að tak sprett- þurfti að framkvæma það á 10 árum, sem önnur þjóðfjelög hafa haft aldir fyrir sjer, til að koma í framkvæmd.

Á ferðum mínum í útlöndum átti jeg þá tal um fjárhagsframtíð Islands, við stjórnendur ýmsra helstu peningastofnana erlendra. Ráðlöögðu þeir mjer að leggja leið mína yfir Kaupmannahöfn, til þess að losa ýms bönd og höft er losast þyrfti,- þar á meðal peningaseðilrjett Islands, er þá að sögn lögfróðra manna, var eign þjóðbankans danska.

Jeg fór þangað og tókst mjer að sannfæra ýmsa fjármálamenn þar um það, að meiri arðsvon væri að viðskiptum við ríkt Island en fátækt og að Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bönd, sem enginn hefði gagn af - en sem stæðu 'Islandi fyrir fjárhagslegum framförum yrðu að losast.

I febrúar 1899 kom jeg hjer til Reykjavíkur og lagði tillögu um stofnun ~~un~~ ~~bjóðbanka Islands~~ fyrir helstu þing- ~~bjóð-~~ og fjármálamenn hjer.

Undirtektirnar urðu nokkuð margvíslegar.- Lærði jeg þá að þegar um nýungar er að ræða, er þungsókt að verða viðurkendur spámaður í sínu föðurlandi.

Sumt var gaman, sumt var þarft, sumt vjer ekki um tölum.- Samt fjekk jeg nokkra helstu þjóðgarpa okkar, þar á meðal Benedikt sál. Sveinsson til þess að sjá að framkvæmd í þessu málefni var fjárhagsleg og þjóðernis leg nauðsýn.

Þann fór með mjer til Kaupmannhafnar, aðallega til þess að fá menn er Danir treistu, og um leið gæti sannfært hjerlenda leiðandi menn um það að tillögur okkar hefðu við eitthvað að styðjast- ~~og~~ til þess að beitast fyrir málefni þessu.

Hin ytri hlið máls þessa er að öðru öllum kunn.

Hvað sem jeg og aðrir að öðru leiti hefi að segja um stofnun ~~Islands~~ banka- þá er þrennt óhrekjandi;

Að Island eigi peningaseðilrjettindi er viðurkent af öllum

Það litla fjármagn er við stofnun bankans barst þjóðfjelagi okkar, hefur borið margfaldann ávöxt.- Ekki aðeins eigendum fjársins, sem hafa fengið góðan arð og viðlagasjóði bankans vel fyllta, og gefið þeirra mönnum og okkar, er voru svo heppnir, að ná sjer í "stöðu" góð laun.- En hún bætti líka úr yfirvofandi fjárhagskröng í bili og á töluverðan skerf í því, að ýmsar atvinnugreinir okkar t. d. mótorbáta og trawlarútvegur, hefur aukist miklu meira, en von var til með jafn litlu fjármagni.-

Og augu manna hjer á landi hafa á margann hátt opnast fyrir því, að sundin sjeu ekki eins lokuð og kröng og þeim sýnist, er ekki hafa sjeð aðrar leiðir til fjárhagsviðskifta við nágranna þjóðirnar, en þær sem okkur voru markaðar, fyrst með stofnun Landsbankans, og síðar með stofnun ~~Islands~~ landsbanka.- Og þetta er mæst vert fyrir land okkar og framtíð þess.

Háttvirtu Þíngmenn!- Enn á ný eru bankarnir við takmörk getu sinnar.

Enn á ný krefja framfarir atvinnuvega Islands, að nýtt spor sje stígið til aukningar fjármagns þeirra til framleiðslu.

Enn á ný finna allir til þess, að eitthvað þarf að gera í þessu efni.- Flestir vita að hik og dráttur framkvæmda í því, gengur glæpi næst, vita að allt hjal um það, að losa politisk bönd, er sýnast hvíla á þessu landi, er óhögglegt, meðan hin fjárhagslegu böndin herða æ fastar að.

En ókunnar leiðir eru flestum torfærar og hræðslefni. Þeir menn úrtölusamastir, er best ganga fram, þegar að unnum sigri, heiðri eða hag skal skift.

Enginn hefur mjer vitanlega lagt þessu málefni jafn mörg ár, og jafn mikið fje og jeg.- Enginn getað litið það óháðari islandsskum augum en jeg. Fáir menn hjerlendir munu mjer framar hafa haft kynni af áhrifamiklum ~~stjórnendum~~ erlendra peningastofnana, er viðskifti mundu vilja hafa við Island ef peningastofnanir þess væru með nútízkusniði og bygðar á svo sterku grundvelli er við hefðum fremst föng á . Og enginn mun hafa sterkari vilja og öflugri taki en jeg til þess,- hvað sem hver segir,- að ráða þessu málí til nauðsýnlegra lykta.

Jeg fári þetta ekki til í þeim tilgangi, að mæla til launa fyrir unnið verk mitt fram að þessu, eða telja störf míni eftir.

En jeg fári það til í þeim tilgangi, að leggja áherslu á það, að þegar jeg hjer með fyrir hönd mannfjelags okkar saki til h. h. Alþíngis um að það hlutist til um það að nefnd sú sje stofnsett, er jeg í fylgiskjalinu bls. 8-9 legg til að stofnuð verði,- þá sje ekki vert að virða umsókn mína að vettugi. Og það endakótt jeg í þetta sinn, eigi beiti fyrir málefnið nöfnum útlendra manna.

Til vara,- ef h. h. Alþíngi ekki sjer fært að stofnsetja nefd þá,- þá saki jeg um, að það feli Stjórn Islands og veiti henni rjett til þess að gera mig þannig úr garði, að mjer sje mögulegt að framkváma sem mest af fyrirhuguðum störfum slikrar nefdar,- þannig að Stjórnin byggt á störfum mínum og þeim upplýsingum er hún á annan hátt getur aflað sjer, geti lagt fyrir næsta Alþíngi frumvarp til laga um stofnun "Pjóðbanka Islands."

Með þessu bykist jeg hafa gert það sem í mínu valdi stendur, til þess
hrinda
~~þessu~~ mesta velferðamáli okkar á rjetta braut.- Nu takið bið háttvirtu
herrar Alþíngismenn við framgangi máls þessa.

Að lokum bendi jeg á að allar atvinnugreinar lands okkar, -öll framfarar
viðleitni þess, - biða þess nú, að peninga málefnum verði komið í rjett horf
hið allra fyrsta.

Reyk. d. 17. August 1912.

Virðingarfyllst

P. J. Þorðarson

Sauðavægi 42 Reykjavík

Mr.

Alþíngis Golundar.

Leyfi mjer hjer með að leggja fyrir hið háa Alþíngi eftirfylgjandi út-drátt úr skýrslu þeirri er jeg hefi í smíðum og sem mun liggja fyrir stjón - almenningi og næsta Alþíngi um Silfurberg Landsjóðs.

1. Vinslu námunnar á Helgafelli verður að breytast úr svo nefndri "Dagdrift" í venjulega námuvinslu.- Til þess að fyrirskipa slíkt, þarf umsögn námuverkfræðings, er ekki sje við mál þetta riðinn.
2. Útsölustaður sá í Kaupmannahöfn, er samningur um silfurbergsnámurnar gerir ráð fyrir,- þarf sem allra landa silfurbergskaupendur geta kepp um silfurberg,- þarf að setjast á stofn aftur. Eftir að jeg hafði opnað augu manna fyrir verðmæti silfurbergs, uxu tekjur landsjóðs úr Ca. 2000 Kr. að meðaltali á ári, til langt yfir 20.000 Kr. á ári, þar tekjur eru nú aftur fallnar ofaní Ca. 5000 Kr. Viðbára um samkeppni frá Tuliniusar hálfu hefur við lítið að styðjast,- sem sjest á því, að einmitt þá fáu mánuði, er Páll Sæmundsson hafði útsölu á hendi fyrir landsjóðs hönd, varð salan yfir 20.000 Kr. Frátt fyrir það, að nógar privatþyrgðir voru fyrir hendi. Loforð um útsölustað kennann gefin að sögn, stjórnum þeirra landa annara, er silfurbergssjónað hafa og þessvegna áhætta mikil ef þau eru vanefnd.
3. Þar silfurbergsþjóðir, sem Landsjóður ennþá kynni að eiga í útlöndum, verða að viktast og metast, undir umsjón minni, og ef með þarf með tilstyrk sjerfróðs óviðriðins manns. Sömuleiðis allt silfurberg er nú er unnið úr námunni.- Það gegnir furðu að þeir herrar Jobin & Consolier, er að sögn eiga rjettindi þau, er „Banque fr. paür le Commerce & l' industrie“ hefur eignast með silfurbergssamningnum, og sem sjálfir eru silfurbergsnotendur, eigi skuli hafa krafist, að silfurberg það er þeir nota sjálfir, sje metið til verðs af umsjónarmanni landsjóðs.

4. Það verður að stemma stigu fyrir, að meiri byrgðir af silfurbergi, en þær sem nauðsynlegar eru til þess að byrgja útsölustaðina upp, jafnóðum og selst,- sjéu hjereftir af landi fluttar. Og það er eiganda síðurbergs byrgðanna, sem er Þíngs og stjórnar fyrir landsjóðs hönd- og mitt, sem umsjónarmans þess að samningur um vinzlu silfurbergs og sölu á því, verði haldið, - að taka ákvörðun um það í hvert sinn, hvað mikið skuli útflutt af silfurbergi og hvert.
5. Þar sem silfurbergskaupendur hafa við mig kvartað undan ýmsum hindrunum er væru á kaupum silfurbergs í Paris, þá væri æskilegt, þaði leifishafa og landsjóðs vegna, að mjer gæfi tækifæri til þess, að sannfara mig um það, hvortslíkar kvartanir eru á nokkrum rökum bygðar.
6. Að öðru leiti tel jeg bráð nauðsynlegt, að fyrirmalum Alþíngis 1911 viðvíkjandi meðferð silfurbergs sbr. ~~fx~~ Þíngskjali 964 sje fram fylgt.

Byggt á framanskráðu, leifi jeg mjer að snúa mjer til h. h. Alþíngis með tillögu um, að því mætti bóknast með þíngsálgjktun, að fela h. h. Stjórn, að gera ráðstafanir til þess, að koma framanskráðu í framkvæmd, og heimila að sá kostnaður er fellur á útaf þessu eða öðrum ráðstöfunum er nauðsynlega verða, - verði tekinn af andvirði selds silfurbergs, eða á þann hátt annann, er h. h. Alþíngi tilsegir.

Jeg hef þess meiri ástæðu til þess, að vona að h. h. Alþíngi takass umsókn mína til greina, þar sem enginn sanngjarn maður, sem rjett þekkir þetta mál, getur neitað mjer um það, að jeg með því, að opna augu manna fyrir vorðumati silfurbergs, á drjúgan látt í því, að landsjóður hefur fengið tuga þúsunda Króna ^{meira} fyrir sinn hluta úr sölu silfurbergs, en hann hefði fengið, - ef allir hefðu trúðið því áfram, að hámarkin teknar hans af silfurbergi, að vera að meðaltali 2000 Kr á ári.

Verði tillögum mínum fylgt, munu ~~sigi~~ mörg ár líða, þangað til tekjur þessar verða ekki tvö eða fimm þúsund Krónur á ári, heldur

tífalt hærri, - brátt fyrir það, að nú sem stendur er mál þetta ekki sem skyldi, í garðinn búið.

Reykjavík 27. Aug. 1912.

Virðingarfyllst

Pj. Þorfinnsson

Eftir líksvæðum með því, að ákvaði miðildarinni
sauðinu með um silfurbergum náinum a i tilgreintadappjalli
verdi haldina.

Síl Alþjóðgos Íslan do.

Það ós meðalinsogarinn óm dómabréfum um þá.

UNDIRBÚNINGSNFND
ALÞINGISHÁTÍÐAR 1930

Reykjavík, 22. jan. 1930

Hér með leyfir hátiðarnefndin sér að senda hinni háttvirtu utanríkismálanefnd og beiðast álits hennar út af meðlöögöu bréfi utanríkismálaráðuneytisins danska til forsætisráðherra, dags. 3. þ.m., þar sem meðal annars er frá því skýrt, að danski sendiherrann í Varsjá hafi leitt athygli að því. að bað mundi, að hans áliti, verða talið miður heppilegt að Póllandí skuli ekki boðið að senda fulltrúa til alþingishátiðarinnar, úr því að Tékkóslóvakíu hafi veri boðið, en mál þetta hefir forsætisráðherra með bréfi, dags. 20. þ.m., borið undir hátiðanefndina.

Svar hinnar háttvirtu nefndar væri eeskilegt að geta fengið sem allra fyrst.

O. W. Þránnesson

B. Þ. Þorarinsson

Utanríkismálanefnd.

Udenrigsministeriet

København den 3. Januar 1930

Afrit.

Den henværende polske Gesandt har underhaanden meddelt Udenrigsministeriet, at den polske Regering var i Færd med at forberede Oprettelsen af en konsulær Repræsentation i Reykjavík. Gesandten nævnede ved denne Lejlighed - hvad han ogsaa tidligere har utalt - at polske Regeringskredse havde bemærket, at det polske Parlament ikke var indbudt til Altingsfestlighederne. Man har hertil meddelt, at den islandske Komité har maattet indskrænke Inbydelserne til Parlamentarikerne i Stater, med hvilke Island har staaet i sterkere kommercial eller kulturel Beröring. Da imidlertid ogsaa den danske Gesandt i Warchau har meddelt Udenrigsministeriet, at det efter hans Opfattelse maatte virke uheldigt, at Polen i Modsætning til Czeckoslovakiet ikke var indbudt, har man ment at burde göre den islandske Regering bekendt med de saaledes fremsatte Udtalelser.

P. M. V.

Jon Krabbe

Islands Försteminister.

Undirritaðir: annarsvegar Undirbúniningenefnd Alþingisháttíðarinnar 1930 hjereftir í samningi þessum kölluð Hefni og hins-vegar Guðmundur Kamban rithöfundur gera með sjer svofeldan

S a m n i n g :

1. Nefndin reður G. Kamban til þess að sjá um tóku á kvíkmynd, er sýni svo vel sem kostur er á, atvinnuhætti landsmanna, íslenskt landslag og það annað, sem ~~Aj~~^{ein-}kennilegt er fyrir land og bjóð og til þess fallið að freða útlendinga um hvortveggja og vekja eftirtekt þeirra á því, sem helst má verða bjóðinni til sundar.
2. Kvíkmynd þessi skal yfirleitt tekin hjer á landi eða við land og þannig til hagað að fræðsla fáist um sem flesta landshluta bygða og óbygða.
3. G. Kamban skal þegar í stað hefjast handa um undirbúnning myndatökunnar og hraða henni svo sem feng eru á. Hann má ekki gefa sig að öðrum leunuðum störfum svo verulegu nemi fyrr en myndinni að fullu lokið. Myndin skal vera að óllu leyti tilbúin til sýningar 1. janúar 1930.
4. Samkvæmt áætlun G. Kamban mun myndin kosta alt að 80.000- íslenskar krónur, og er þá miðað við að hún verði ekki undir 1500 metrár á lengd.
5. Til mynderinnar vill nefndin verja alt að kr. 80.000- áttatíu þúsundum króna-samtals, og er þá allur kostnaður þar með talinn (kaup, ferðakostnaður- sbr. einnig 8. lið-, útbúnaður, sem þarf, efni o.s.frv. sbr. þó 10.- lið.) Þó má ef nauðsyn krefur, verja til myndariðnar alt að 88.000-áttatíu og átta þúsund krónum en als ekki meira. Úpphöð þessi greiðist jafnótt og starfinu miðar afraum og eftir því sem G. Kamban élítur nauðsynlegt.
6. Myndin er eign ríkisins jafnóðum og hún verður til og hefir það allan rjett til hennar- höfundarrjett sem annan fyrir kostnaðarverð sbr. 5. lið.

7. G. Kamban ræður ljósmyndara, varastjórnanda og aðra þánnenn er nauðsyn krefur og segur um kjör þeirra.
8. Fyrir starf sitt við umejón með og stjórn á töku myndarinnar fær G. Kamban alls kr. 15.000- fimmán búsunum krónur, er greiðist að priðjungi þegar myndin er hálferð og að priðjungi við undirskrift samnings þessa, að priðjungi þegar hún er afhent fullgerð. Muk þess fær hann endurgreiddan allan nauðsynlegan ferðakostnað sinn í þágu þessa starfs, þeði fargjöld og annan flutning, gistiþússvist, fréði o.s.frv. meðan hann starfar utan heimilis síns, alt sannkvemt reikningi.
9. G. Kamban skuldbindur sig til þess að selja myndina og fær 10% af andvirðinu þar til fengist hefur endurgreitt kostnaðarverð honnar. Verði söluandvirði herra fær G. Kamban 40% af hinum hreins ágóða.
10. Þáðir aðilar ganga út frá því að Ríkisstjórnin, euk þess fjár, sem um ræðir í 5. lið, láti greitt og vel í tje alla hjálp, sem hún má, til þess að myndin geti orðið sem best úr garði gerð. Er þar einkum átt við afnot af tekjum sem ríkið á (t.d. varðskipum) svo og að greitt sje fyrir þeim sem að myndinni vinna á besta hátt.
11. Af samningi þessum eru gerð tvö sahljóða frumrit og heldur hvor aðili sínu eintaki.
12. Ágreining er rísa kynni útaf samningi þessum má útkljá fyrir gestarjetti Reykjavíkur.

Til staðfestu nöfn aðila og votta.

Reykjavík, október 1928.

Vottar:



Mandag 27. Júní 1921.

Hønsetimbaler

Tournedos

Ost og Smør.

Citronerème



AÐ GEYSI 30. JÚNÍ 1921.

UXAHALASÚPA
(POTAGE QUEUE DE BOEUF)

FLESK OG GRÆNAR BAUNIR
(JAMBON AU PETIT POIR)

LAMBASTEIK OG KARTOFLUR
(GIGUE D'AGNEAU)

EFTIRMATUR OG ÁVEXTIR
(DESSERT ET FRUIT)

KAFFI
(CAFÉ)



AÐ GEYSI 29. JÚNÍ 1921.

SÚPA
(CONSUMMÉ JULICUNE)

FISKRÖND MED HUMAR OG ASPARGES
(POUDING AU POISSON, HOMARD ASPARGES)

NAUTASTEIK
(FILET DE BOEUF JARDINIÈRE)

ANANAS

KAFFI
(CAFÉ)



Musik.

1. Urback. *Ri aspera ad astia.* Marsch.
2. E. Møller. *Mod Nord.* Ouverture.
3. A. Lützow. *In the shade of the old apple-tree.*
4. Vilgason. *Prophecy i breminum.*
5. Bindesig. *Gitarby.* Marsch.
6. Nielsen. *Tang af Moderen.*
7. Bridgwood. *Sons of the brave.* Marsch.
8. V. Benigni. *Icelandic Festfinale.* Galops.
-


Í. S. Í.

Í. S. Í.

KONUNGSGLÍMAN

Á ÞINGVÖLLUM

28. JÚNÍ 1921



Hælkrókur á lofti, h. á h.

Nokkrar höfuðreglur glímunnar.

Glimumenn gangast að *beinir* og halda þessum tökum hvor á öðrum:



Hægri hendi ofan og aftan við vinstri hámjöðm — vinstri hendi neðanvert á hægri lærhnútu. Hægri hönd hefir undirtakið.

Aldrei má hefja sókn nema bádir hafi full tök, og ekki sleppa tökum nema til að verjast falli.

Milli bragða eiga glíumenn að halda tökum lauslega og stíga létt. Þeir mega aldrei standa bognir eða spýrnast hvor við öðrum.

Glínumenn bregða hvor öðrum með fótunum. Óll handbrögð eru bönnuð.

Það er býlta, ef glínumáður nemur við jörd fyrir ofan hné eða olnboga.

Glínumaður á að varpa keppinaut sínum til jarðar, en má ekki víta honum niður né leggjast ofan á hann.

Brögðin og allar hreyfingar í glímunni eiga að vera snöggar og mjúkar. Hæg og sígandi átök eiga ekki heima í íslenzkri glímu.

Skrá yfir keppendur
í konungsglímunni
á Þingvöllum
1921.

Glímumenn þessir eru valdir af stjórn Í. S. Í.
Glíman hefst klukkan 4 síðdegis.

Glímustjóri: Hallgrímur Benediktsson.


Dómnefnd skipar stjórn f. S. í.




Krækja á lofti



Leggiarbragð á lofti



Sniðglíma



Hælkrokur

Sérprentun úr „Prótti“.



Kloßbragð



Sniðglíma á lofti

Konungsglíman á Þingvöllum 1874.

Tveir áhugasamir íþróttavinir vorir, þeir Benedikt G. Waage og Helgi Jónasson, hafa mælst til þess við mig, að eg segði lítilsháttar frá konungsglímunni á Þingvöllum 1874. Vil eg verða við þeim tilmælum, þótt sú glíma, er nú var nefnd, megi virðast lítlfjörleg í augum nútíðarmanna.

Pegar Kristján konungur hinn níundi kom hér til landsins 1874, færandi „frelssískrá í föðurhendi“, eins og skáldið kvað að orði, tóku hinir yngri stúdentar, er þá áttu heima í Reykjavík eða voru staddir hér, sig saman og létu gera sér allstórt tjald til þess að halda til í á Þingvöllum við hátiðahaldið þar.

Daginn eftir komu konungs frá Geysi til Þingvalla vorum við stúdentar og kandíðatar flestir staddir um kl. 3 síðdegis inni í tjaldi okkar að snæðingu. Veður var yndislega fagurt, hitasólskin. Kom þá Helgi Helgasen kennari sviplega inn í tjaldid og virtist vera mikil niðri fyrir. Sagði hann, að stungið hefði verið upp á því, að sýna konungi íslenzka glímu; hefði það verið boríð undir hann, og léki honum forvitni að sjá þessa fornú íþrótt Íslendinga. Skoraði Helgasen nú á okkur að ganga fram á völlinn austan Oxarár til glímu, þar sem mannfjöldinn með konungi biði. Kom þessi áskorun með öllu flatt upp á okkur. Hafði ekki verið með einu orði á það minst fyr en þarna, að íslenzk glíma skyldi sýnd við þetta tækifæri. Vorum við, sem geta má nærrí, með öllu óundirbúnir, sérstaklega að hæfilegum og hentugum búningi. Skoruðumst við því allir fastlega undan, og þótti þetta ónærgætni mikil. En Helgasen gekk svo fast að, nærrí grátbændi okkur, að okkur séra Lárusi heitnum Halldórssyni, sambekking mínum, gekst loks hugur við og fórnuðum okkur. Var þá ekki um annað að ræða en að ná sér í snatri í laglega íslenzka skó. Vorum við síðan leiddir fram á völlinn, þar sem manngrúinn hafði skipað sér í viðan hring. Tókum við okkur stöðu í miðjunum hringnum. Stóð konungur einn sér, svo sem 10 faðma frá okkur, og studdist við staf sinn. Var okkur síðan gefið merki að hefja glímuna. Kostuðum við okkur þá úr frökkunum og gengum til fangs. Skal eg ekki orð lengja um glímuna annað en það, að við tókum þjár skorpur með örstuttu millibili.

Höfðum við komið okkur saman um á leiðinni úr tjaldinu að reyna að sýna sem mestan fimleik og snerpu, til þess að brögð og varnir mættu sjást sem greinilegast, en síður hitt, að verða hvor öðrum að bana, þótt slikt mætti að sjálfsögðu að höndum bera.

Pegar önnur skorpan stóð sem hæst, hrópaði konungur til okkar þessum orðum: „For Guds Skyld, bræk ikke Benene!“ En slikt létum við ekki á okkur fá, og héldum uppteknum hætti. Pegar þriðja skorpan hafði

staðið um stund, gaf konungur okkur merki um að hætta; gekk til okkar, tók góðlátlega í hendur okkar og þakkaði fyrir skemtunina. Var auðsætt, að konungur vildi ekki eiga undir því, að við glímdum lengur; hefir óttast, að slys mundi hljótast af.

Þetta mun hafa verið fyrsta konungsglíman á Íslandi, þótt fátækleg væri, eins og skiljanlegt er af því, sem að framan er greint. En af ýmsum mátti þó heyra, að betur hefði þessi lítlá glíma verið háð en óháð.

Til gamans skal eg geta þess, að eg kom hingað suður úr Stykkishólmi degi ádur en Friðrik konungur VIII. sótti Ísland heim 1907. Vard mér þá gengið upp Túngötu, mætti séra Lárusi heitnum og sagði við hann í gamni, sem þó fylgdi nokkur alvara: „Eigum við nú ekki að bregða okkur austur að Þingvöllum og glíma fyrir son Kristjáns IX.?“ Séra Lárus brosti við og sagði: „Nógu gaman hefði það verið, en eg treysti mér ekki; hjartað er bilað“. Féll svo það tal niður.

Nú hefi eg í dag séð þriðja konunginn, sonarson Kristjáns IX., sækja Ísland heim, og það liggur við, að mig, með minn 73 ár á baki, langi í glínumannahópinn. En næg gleði er mér það, og öllum góðum Íslendingum, ef konungsglíma sú, er nú stendur fyrir dyrum, tekst giftusamlega.

Verði það!

26/6 '21.


Sigurður Gunnarsson.

Drápa

flutt

Kristjáni konungi X.

27. júní 1921.



Af alfrelsi dagar í áttarhögum;
Við aldinn streng berast ljóð fyrir þengil.
Svo heyist vor lífsdáð, herra, hjer knýist
hljómar nýir af fornum gígjum.

Dregur vorn muna minningafögur
móðurjörð. Þar er efni ljóða.
En vegur lýðsins er hersishróður —
þú hófst vora þjóð og þig mærir vor óður.
Hlýð voru máli, höfðingi láða;
af heilli úð eru strengir knúðir.
Frjálsir í orðum orktu æ forðum
Íslendingar að konungaborðum.

— Sál vor af Braga og Sögu var alin
á sólold, er víkinga andinn hjelt ríki.
Voldug sig hóf yfir sækendum sæva
sunna af Hafursfjarðar unnum.
Sá röðull skein bjartur og rann til viðar
rjóður, að kveldi, í Sturlunga blóði.
En, fylkir, þú skrifaðir Íslandi yfir:
Andi vor frjáls í rjettinum lifir.

Það frelsi á verkið, sem feðrajörð yrkir.
Það frelsi á valdið, sem rjett skal halda.
Þú, fylkir, vilt aldrei að Frón því týni,
sem frelsisins gjöf rjettir oss yfir höfin.
Skal hlunnur í röst, skal hestur í straumi
ei hlýta þess binding, er sjálfur skal lenda?
Lít vorar strendur, lofðung, þú stendur
á landi, sem kallar á óbundnar hendur.

Þegna þú átt, þar sem Norðri og Njörður
í návigi standa og þrætast um landið;
þar gaddfjaran beitist af hópunum hvítu;
þar hjarðsveinar uppskera Snælands jarðir.
Sjá þá, í lýðs þíns sigri og stríði,
sjá þessa varðmenn um óðul Garðars,
sem skygnast um blettinn með hönd fyrir hetti,
heita og trúua í klökuðum vetti.

Þegna þú átt, þar sem ýtt er af söndum
á Ægi mikinn og brúnahvikan.
Þar færir lið vorra ljettu knara
landsins merki út fyrir strandir.
Sjá þá, í lýðs þíns sigri og stríði,
sóknara djúpsins á hafmiðum Flóka,
hjá dimmradda grunnum, á drífandi unnum,
með dyggar og seigar mundir á hlunnum.

Dagar af frelsi í feðra högum,
fylkir. Vor ljóð berast jarðarþjóðum.
Og bergmálsins raddir að Fróni falla.
Um frelsi allra og mannrétt þær kalla.

Sið munu hauðrin heiðavíðu
helsi sjer tvinna af rjetti og frelsi.
Dreift stendur vörður vorrar storðar.
Hann verður ei mágur, er sjálfan sig kúgar.
Rós á ei líf á lagarísi,
nje Libanonsvíðir í jöklanna skriðum.
Oræfaláðið þarf einráðar dáðir.
Alfrelsi, hersir, þú lýð vorum skráðir.

Hagur vor réðst undir himins augum.
Vor heimur luktað af sæveggjum tveimur.
Fundinn að nýju skal nema hann endur
nú, þegar djúp og aldir þú brúar.
En einbúinn vann sína eigin menning.
Hvað álfur oss kenna er trú á oss sjálfa.
Veröldin geymist í hjarta manns heima.
Heimi þeir týna, sem ættstöðvum gleyma.

Af liðinna þjóðæfa lifandi auði
lyptum vjer orði, ef máli skiftir.
Út fyrir vjein, en aldrei á móti,
auðgum vjer forðann með lífsröddum storðar.
Rót skal ei deyða hvað dafnar á meiði.
Dýrri skal fornsvniðinn háttur hins nýrra.
Elskað hjá þjóð og munað frá móður
mál vort á stofn, sem ber tímannar gróður.

Sjá hóp vorrar foldar, sjá hag vorn og sögu.
Lát heimsfjelag þegið, en varðveitt vort eigið.
Svo láti vor menning sinn lífsrjett sannast.
Leið oss, gýlfu, til þessa heiðurs.
Hlutstór og dýr í heimsmálum ómar
vor harpa, hin forna, á alfrelsis morgni.
Af Íslands drengjum hún einum má strengjast.
Ættmálin norrænu höndum hjer tengjast.

Fagur á högum er fylkis dagur.
Vjer fögnum. Vor ljóð berast jarðarþjóðum.
Svo stillist vor harpa, svo hljómarnir yngist,
sem heimsraustin syngur á lýða þingi.

Í hæðanna veldi sjá hjörtu lýða
einn hæsta stól, einn þegnanna sjóla.
Ef himininn játar ei jörðin neiti;
jafningja ráði skal vilji ei háður.
Landið vort aldna illa þoldi
ótigin völd yfir frjálsbornum höldum.
Lotið var banni grams, en ei granna,
á görðum norrænna konungsmanna.


Tímannar spor milli tinda og sanda
taldi vor saga um röðulaldir.
Um rök vorra saka, um ráð vorra feðra
hún risti og kvað í heiðni og kristni.
Bókfellið mikla var letrað til loka.
Loks mælti saga: þá skuld vjer gulđum.
Blaðið var endað. Óðru hún vendi,
með upphafsrún, dregna af konungshendi.

Svo hefjist vor saga á hamingjudögum —
heimur nú viti hve lífsbók vor ritast.
Hver einasti stafur á íslenzkan höfund.
Opnu blettlausa hilmir oss rjetti.
Hvar örlög vor kennast, þitt nafn skal nefna,
hjá niðjum Íslands frá sólaröld þriðju.
Þitt frelsisverk standi, jaft orðið sem andinn.
Upp yfir heiðina. Fram yfir sandinn.

Verðandi stóð þjer að verki með Urði.
Þjer vígist vor ljóð, með hljómama nýju,
og framandi lífsmögn, sem urðu vor eigin.
Þú opnaðir veginn mótt rísandi degi.

EINAR BENEDIKTSSON.

PRENTSMIDJAN GUTENBERG — 1921.



KONUNGSFÖRIN



1921

FLOKKUR

Sunginn við móttókuhátiðina í Alþingishúsinu 26. júní 1921.
(Blandaður kór og einsöngur).

I.

Sem fullvaldsþjóð í fyrsta sinn
vjer fögnum Íslands jöfri og drottning.
Lít, þjóð vor, upp með þökk og lotning
til guðs, sem veginn greiddi þinn!

Vor drottinn, þökk sje þjer
fyrir það, sem liðið er!
Við lof pitt hefst vort ljóð.
Þú leiddir vora þjóð.
Fyrst þjer ber þökk og lotning!

Sit heill! Sit heill, vor hilmir kær,
með hárri frú og göfgum sonum!
Með nýja fánans fögru vonum
þjer heilsar Ingólfss aldní bær!
Þjer hljóma hjartans ljóð!
Þjer heilsar öll vor þjóð!
Ver hyltur, hilmir, nú
með hárri, göfgri frú
af freyjum Fróns og sonum!

Og enn skal hefja hug með þökk
til hans, sem skapar örlög lýða
og lægir oldur allra stríða.
Hans hljómi lofgerð hjörtun klökk!
Ver, drottinn, hjálp og hlíf
vors hilmis alt hans lif!
Ver þú með þinni hönd
hans þjóðir og hans lönd
um allar aldir tíða!

II.

Velkominn, jöfur, vertu á Íslands stendur!
Velkomin, drotning! Pessa fögru stund
rjetti ykkur landsins vættir vinahendur.
Velkomin bæði á Ingólfss fornu grund!
Heill ykkar för, er heim þið sækid völlinn
heilaga, lögpings okkar forna reit!
Fagni ykkur fjöllin,
fagni ykkur sveit!

Fátækt er enn vort Frón og bygðir smáar,
fjölmenni hvergi, lítt um borgaskraut.
Hallir af manna höndum gerðar fáar,
heiðar og sveitir vantar lagða braut.
Margt er að hugsa, mörgu þarf að sinna,
margt þarf að bæta, skapa nýjan hag.
Vaka þarf og vinna
viðreisnar dag!

Lit nú á, jöfur, er ei mörgum myndum
mótað vort land, er laða hug og sál?
Er ekki svipstór tign á jökultindum?
Tala ekki fossar okkar djarflegt mál?
Mundi ei sú sjón, að líta' um ey og ögur
ofan frá brúnum, skapa hugans þor?
Er ei fjalla-fögur
foldin um vor?

Hilmir vor kær, vjer elskum Frónið fríða,
framtíðarvonir þess, og líka arf
sögu og tungu, heiður horfnra tíða,
helgum þess gengi alt vort líf og starf.
Kjarkur er enn í bygða vorra bændum.
Blika við stendur auðug höf og víð.
Landið á í vændum
viðreisnar tíð!

III.

Hilmir og drottning!
Heill til að skoða
norðursins bjarta,
náttlausar vor!
Fegurstu geislarnir titra yfir tindunum,
tónandi fossarnir geysast af brún;
sveitirnar yngjast af syngjandi lindunum,
sóleyjar prýða hvert tún.

Fjöll eru að varpa
fannanna þunga.
Vorið er Íslands
unaðar tíð;
ljósið og víðsýnið vekjandi, þróandi
vonanna gleði um mannanna ból.
Fjallanna raðirnar girða sig glóandi
gulli frá vornaetur sól.

Vordísir landsins
velji ykkur sína
björtstu morgna,
blíðustu kvöld,
fagni ykkar heimsókn með fegurstu stundunum.
fossanna og lindanna þljómandi brag,
dalanna nýsprottu, gróandi grundunum,
glitrandi vorbjartan dag

IV.

Þjóðirnar vona
vígumum linni;
bráðlega bjarmi
bjartari tíð.
Pjökuð úr þoku
þrauta og stríða
út komi aftur
endurfædd jörð.

Lengi var, jöfur,
land þitt í voða,
grimdaröld geigvæn
geisandi í kring.
Vel stýrt úr vanda
var, — þú hjeltst sæmdum,
lýði og láði
að lokinni þraut.

Hamingjan gaf þjer
hervalds úr greipum
landsmenn að leiða
langþráða heim.
Friði og frelsi
fagnandi blaktir
dannebrog yfir
Dybböl og Als.

Heill fylgi þínunum
heimkomnu Jótum.
Hljómi þeim hjeðan
heilsan í dag!
Gæfa og gengi,
gullöld og friðar
árseldir fylgi
aukning þíns lands!

Ingólfss hins gamla
eyja þjer flytur
þökk fyrir lausn síns
þjóðrjettarmáls.
Framkvæmd á hugsun
föður þíns góða
hamingjuríkum
hepnadist þjer.

Þú hefur þinna
þjóða í milli
varanleg skapað
vináttubönd.
Fljettað er nafn þitt,
fylkir, í sögu
Íslands og verður
aldrei þar gleymt.

Prentsmiðjan Acta, Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



KONUNGSFÖRIN

1921

AFHJÚPUN KONUNGSSTEINS HJÁ GEYSI

30. júní 1921

(Mælt fram)

Við liðna tíma tengist nýr
og tíðar veltur hjól.
Eitt árið fyrir öðru flýr.
En eilif ljómar sól.
Hjer mættist fyrst með þengli þjóð
við þúsundáramót,
er fólkisalt söng fagnaðsljóð
um frelsi og stjórnarbót.

Ei gleymist, hilmir, hátið lands,
er hjer þinn afi stð.
Pinn faðir gekk í fótspor hans.
Pá Fróns vors blessar þjóð.
Peir unnu lof, sem ekki deyr.
Peim ómi þakkir nú.
En frelsið, sem oss færðu þeir,
það fullkomnaðir þú.

Prentsmiðjan Acta, Reykjavík